

Fundur í stjórn UÍA haldin á Egilsstöðum þann 30.10.2019

Kl. 18:10

Mætt eru: Benedikt Jónsson, Gunnar Gunnarsson, Gunnar Gunnarson, Auður Vala Gunnarsdóttir og Pálína Margeirsdóttir.

- **Síðasta fundargerð**

Fundargerð síðasta fundar samþykkt með dúndrandi lófaklappi.

- **Skýrsla skrifstofu**

Sprettur: Nefnd hittist og gekk frá seinni úthlutun ársins. Það er á plani að endurskoða úthlutunarreglur fyrir árið 2020. Formanni er falið að vinna tillögu að nýjum úthlutunarreglum.

- **Snæfell:**

Vinna hafin við að sanka að okkur greinum. Auður Vala hefur þegar fengið inn eina grein um næringu og orkudrykki.

Framkvæmdarstjórinn ætlar að ræða við Bjart hjá Einherja.

Gunni ætlar að ræða við Neista

Auður Vala við aðila sem hefur aðkomu að fimleikahúsinu.

Einnig á að hafa samband við UMFÍ og ÍSÍ um að skila inn greinum.

- **Verkefni framundan**

Unnið er hörðum höndum að því að sanka að okkur efni í Snæfell. Bæði efni og auglýsingar.

Önnur mál:

Rætt um aðkomu UÍA að austurlandslíkaninu.

Stefnt að næsta fundi Þriðjudaginn 26. Nóv 2019. klukkan 18:00 að staðartíma.

Þá er stefnt að því að leggja línurnar fyrir næsta ár.

Fleira ekki gert og fundi slitið 20:25

Fundargerð ritaði Benedikt Jónsson